

398. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 8. nóvember 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason,
Davíð Sveinsson,
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir.
 - 1.1. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 7.11.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.2. Fundargerðir safna- og menningarmálanefndar, dags. 17.10. og 24.10.2005.
Fundargerðir samþykktar. Lagt til að bæjarstjóri hafi samband við Ásgeir Ásgeirsson söguritarara sögu Stykkishólms varðandi ritun þriðja bindis og ljúka málinu. Lögð fram greinargerð nefndarinnar varðandi Vatnasafnið og flutning á Amtsbókasafninu.
 - 1.3. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla, dags. 31.10.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.4. Fundargerð stefnumörkunarnefndar um skólahúsnæði grunn- og tónlistarskóla, dags. 1.11.2005.
Fundargerðin samþykkt. Lögð fram lokaskýrsla nefndarinnar.
 - 1.5. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 3.11.2005.
Fundargerðin samþykkt. Bæjarráð samþykkir að íbúar sem átt hafa lögheimili í Stykkishólmi s.l. tvö ár, njóti forgangs við úthlutun íbúða fyrir aldraðra á meðan biðlisti er.
 - 1.6. Fundargerðir nefndar um stefnumörkun í málefnum aldraðra, dags. 8.9., 26.9., 3.10., 19.10., 31.10. 2005.
Fundargerðir samþykktar.
2. Lóðarumsóknir.
 - 2.1. Emil Þór Guðbjörnsson sækir um þrjár lóðir við Nesveg, undir raðhús, iðnaðarhús og verslunarhús.
Bæjarráð samþykkir að svæðið við Nesveg verði deiliskipulagt og umsókn vísað til skipulag-og byggingarnefndar til umsagnar.
 - 2.2. Baldur Þorleifsson sækir um eina af eftirfarandi lóðum: reit A við Hafnargötu, reit C við Hafnargötu (Plássíð), reit H við Aðalgötu, reit G við Þverveg.
Bæjarráð tekur jákvætt á úthlutun lóðar G og H, umsókn vísað til skipulags-og byggingarnefndar til umsagnar varðandi húsagerð.
3. Bréf Kaupfélags Borgfirðinga, dags. 24.10.2005, varðandi tilboð í hlutafé hluthafa í Vesturlandi hf.
Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar.
4. Bréf FSS, dags. 20.10.2005, varðandi reglur um niðurgreiðslur dagvistargjalda hjá dagforeldrum.
Reglurnar verða skoðaðar.

5. Bréf Lionsklúbbs Stykkishólms, dags. 19.10.2005, varðandi beiðni um styrk vegna uppsetningar á veðurskilti.
Samþykkt að veita Lionsklúbbi Stykkishólms styrk að upphæð kr. 100.000 vegna uppsetningar veðurskiltis í Stykkishólmi.
6. Fjárhagsáætlun 2006, drög.
Drög að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir 2006 lögð fram og rædd.
7. Bréf Málflutningsstofu Snæfellsness ehf., dags. 12.10.2005, varðandi afskrifaðar kröfur vegna árangurslausrar innheimtu.
Samþykkt að afskrifa kröfur að upphæð kr. 1.613.523
8. Lántaka Jeratúns að fjárhæð kr. 120 milljónir vegna byggingar fjölbrautaskóla í Grundarfirði.
Bæjarráð samþykkir eftirfarandi bókun.

Ákvörðun sveitarstjórnar að veita stofnun/félagi sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög, einfalda ábyrgð vegna lántöku þess hjá Lánasjóði sveitarfélaga og hún tryggð með tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Jeratúns ehf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 120.000.000 kr. til byggingar framhaldsskóla í Grundarfirði, sbr. 2. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 136/2004. Er hlutur Stykkishólmsbæjar í ábyrgðinni 27%. Lán þetta skal endurgreiðast á 15 árum og ber 4,03% fasta vexti auk verðtryggingar til 1. apríl 2012 en þá verða nýir vextir ákveðnir. Endurgreiðsla lánsins umfram umsamdar afborganir er óheimil, nema þegar nýir vextir af láninu eru ákveðnir, en þá má greiða lánið upp að fullu. Lántökugjald er 0,375% af lánsfjárhæð.

Ábyrgð þessi er veitt samkvæmt heimild í 6. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og er ábyrgðin óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Jeratúni ehf. Það er skilyrði ábyrgðarinnar að allir eigendur Jeratúns ehf. ábyrgist lánið í réttu hlutfalli við eignarhluti sína.

Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/199. Eru þær til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta, vaxtavaxta, verðbóta, lögbundinna vanskilaálaga, kostnaðar við kröfugerð, innheimtu- og málskostnaðar, kostnaðar við fjárnámssgerð og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustugerðum, svo og öllum öðrum kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða. Gildir ábyrgðin jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oftár uns skuldin er að fullu greidd. Fyrir gjaldfallinni fjárhæð má ganga að veðinu til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða sáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1991.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Jeratúns ehf. til að breyta ekki ákvæði samþykpta Jeratúns ehf. sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Stykkishólmsbær selji eignarhlut í Jeratúni ehf. til annarra opinberra aðila skuldbindur Stykkishólmsbær sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Bæjarstjórnin veitir jafnframt hér með f.h. Stykkishólmsbæjar, Björgu Ágústsdóttur, framkvæmdastjóra Jeratúns ehf., fullt og ótakmarkað umboð til þess skrifa undir þau skjöl sem nauðsynleg eru til að staðfesta hina einföldu ábyrgð og tryggingu hennar. Jafnframt er Björgu Ágústsdóttur, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda fyrir hönd Stykkishólmsbæjar, hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengist veitingu ábyrgðar þessarar vegna lántöku Jeratúns ehf.

**Fé þetta verður notað til að greiða upp yfirdrátt í banka kr. 85 milljónir.
Afgangur notaður í lóðaframkvæmdir.**

9. Tilboð í gerð geymslusvæðis í Heljarmýri við Snoppu.
Samþykkt að taka lágsta tilboði frá Stefán Björgvinssyni. að upphæð kr. 3.341.338. Samskonar girðing og á Snoppu valin að upphæð kr. 1.160.184.
10. Bréf Sæferða, dags. 4.11.2005, varðandi hafnargjöld Stykkishólmsbæjar.
Bréf framlagt.
11. Tilboð í færslu á húsinu Jaðri.
Tvö tilboð bárust það lægra kom frá Sumarbústöðum ehf. kr. 2.819.150 m/vsk, en hitt var frá Skipavík hf. kr. 2.989.560 m/vsk. Bæjarstjóra falið að ræða við lágstbjóðanda.
12. Snjósleðasafn.
Rætt um snjósleðasafn Kristjáns Auðunssonar.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 20:18
Þór Örn Jónsson, bæjarritari